
SJÁLFSMATSSKÝRSLA VARM AHLÍÐARSKÓLA

maí 2020



Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Meginniðurstöður..... | 2 |
| Inngangur | 4 |
| Um Varmahlíðarskóla..... | 5 |
| Markmið skólastarfs..... | 6 |
| Nemendur..... | 7 |
| Starfsmenn | 8 |
| Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats..... | 9 |
| Sjálfsmat starfsfólks veturinn 2019-2020 | 11 |
| Mat á gæðagreiðni um upplýsinga- og tæknimál..... | 12 |
| Mat á gæðagreiðni 2.4. Einstaklingsmiðun..... | 12 |
| Mat á gæðagreiðni 2.6 Samfella í skólastarfi..... | 13 |
| Mat á gæðagreiðni 2.2. Skólanámskrá..... | 14 |
| Mat á gæðagreiðni 2.5. Samstarf heimila og skóla..... | 14 |
| Mat á gæðagreiðni 2.3 Nám, kennsla og námsmat | 15 |
| Mat á gæðagreiðni 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun | 16 |
| Umbótaáætlanir skólaársins 2019-2020 - starfsfólk | 18 |
| Skólapúlsinn..... | 20 |
| Skólapúlsinn nemendakönnun | 21 |
| Skólapúlsinn foreldrakönnun | 23 |
| Árleg skimun starfsfólks – niðurstöður..... | 29 |
| Áætlun um sjálfsmat 2020-2023 | 30 |
| Viðauki 1: Einkunnaskali..... | 31 |

Meginniðurstöður

Í upphafi skólaárs var sjálfsmatsteymi skipað og unnið skipulag um vinnu vatarins. Vegna óvenjulegra aðstæðna vatarins breyttust áætlanir og bera niðurstöður skýrslunnar keim af því. Í sjálfsmati starfsmanna voru metnir sjö matsþættir í vetur á fjórum matsfundum starfsfólks.

Í sjötta sinn voru árlegar viðhorfakannanir lagðar fyrir í vefkerfi Skólapúlsins. Vefkerfið heldur utan um nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir sem lagðar eru fyrir í skólanum. Þetta árið voru kannanir lagðar fyrir nemendur og foreldra. Rýnt hefur verið í niðurstöður kannanna jafnt og þétt yfir skólaárið en heildarsamantekt skólaársins má skoða í þessari skýrslu.

Árleg skimun var lögð fyrir starfsfólk að venju og svöruðu 29 starfsmenn henni.

Niðurstöður eru jákvæðar en huga þarf að einstökum þáttum sem betur mega fara.

Þriggja ára áætlun um mat er sett fram í lok skýrslunnar. Sú áætlun byggir á gæðaviðmiðum úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg.

Yfirlit matsþátta og einkunnagjöf

| | |
|--|---------------------|
| Matsfundur 30. október 2020 | Einkunnagjöf |
| Gæðagreinir um upplýsinga- og tæknimál VHS | 4,5,5,4 |
| Matsfundur 18. febrúar 2020 | Einkunnagjöf |
| 2.4 Einstaklingsmiðun | 4,4,4-5 |
| 2.6 Samfella í skólastarfi | 4,4,4 |
| Matsfundur 21. apríl 2020 | Einkunnagjöf |
| 2.2 Skólanámskrá | 4,4 |
| 2.5 Samstarf heimila og skóla | 5,4,5 |
| Matsfundur 2. júní 2020 | Einkunnagjöf |
| 2.3 Nám, kennsla og námsmat | 4,3,4,4, |
| 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun | 5,5, 4-5, 5,5,4 |

Til glöggvunar á matsniðurstöðum má skoða gildi hvernar einkunnar skv. einkunnaskala sjálfsmatskerfisins sem sjá má í viðauka 2.

| Einkunnaskali skv. sjálfsmatsaðferðinni <i>Hveru góður er grunnskólinn okkar?</i> |
|--|
| Einkunn 6 - <i>framúrskarandi</i> |
| Einkunn 5 - <i>mjög gott</i> |
| Einkunn 4 - <i>gott</i> |
| Einkunn 3 - <i>fullnægjandi</i> |
| Einkunn 2 - <i>slakt</i> |
| Einkunn 1 - <i>ófullnægjandi</i> |

Inngangur

Öllum grunnskólum ber að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga. Grunnskólalögin má sjá á eftirfarandi slóð:

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=d43fd486-c36f-43b3-be74-8ed4e265dd93>

Með sjálfsmatinu fer fram viðtæk gagnaöflun um skólastarfið. Árangur skólans í einstökum þáttum er metinn þar sem markmið skólans eru lögð til grundvallar sem viðmið. Í matsferlinu eru sterkir og veikir þættir skólastarfsins dregnir fram. Leitað er leiða til að viðhalda sterku þáttunum og efla þá enn frekar. Brugðist er við veikum þáttum með því að setja fram þróunaráætlun sem felur í sér umbætur á viðkomandi þætti í skólastarfinu. Þannig á sjálfsmatið ætíð að stuðla að umbótum í skólastarfi. Tilgangur þess er fyrst og fremst sá að gera góðan skóla betri. Sjálfsmat skóla er því leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun og vexti hvers skóla.

Varmahlíðarskóli hefur notað skoskt sjálfsmatskerfi, *How good is our school?* allt frá haustinu 2002. Skólaskrifstofa Skagfirðinga þýddi efnið *How good is our school?* árið 1999 og var það nefnt Gæðagreinar í íslenskri þýðingu.

Árið 2010 var þriðja útgáfa af gæðagreininum þýdd og nefnist hún *Gæðagreinar 2*. Gæðagreinararnir hafa frá upphafi verið aðgengilegir öllu skólafólki, m.a. á vef fræðsluþjónustu Skagafjarðar. Skotarnir uppfærðu sjálfsmatsefnið enn á ný og gáfu út í september 2015, *How good is our school*, 4. útgáfa. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar vann að þýðingu á nýju útgáfunni á skólaárinu 2016 og á vormisseri var íslenska þýðingin *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* gefin út. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á sjálfsmatskerfinu með nýju útgáfunni, lykilþáttum og gæðagreinum hefur verið fækkað til muna og gert ráð fyrir aukinni fjölbreytni varðandi matsferlið. Jafnframt er lögð áhersla á að skólar aðlagi matskerfið enn frekar að sérstöðu hvers skóla og bæti við gæðaviðmiðum um skólastarf við þau gæðaviðmið sem sett eru fram í hverjum lykilþætti. Kjarni sjálfsmatsaðferðarinnar er þó enn hinn sami, en nýjungarnar eru til þess fallnar að hægt verði að efla gæði umbótamiðaðs innra mats þar sem stefnan er sett á framúrskarandi gæði skólastarfs. Sem fyrr snýst kjarni sjálfsmatsins um áhrif skólastarfs á nemendur.

Sjálfsmatsteymi var sett á laggirnar í upphafi skólaárs. Í því eiga sæti aðstoðarskólastjóri, fulltrúar kennara og fulltrúi starfsmanna ásamt kennsluráðgjafa. Hlutverk þess er að fylgja

eftir matsáætlun skólans, rýna í matsþætti og hafa umsjón með eftirfylgni þróunaráætlana. Í vetur störfuðu í teyminu Helga Harðardóttir, Hafdís Guðlaug Skúladóttir Lára Gunnðís Magnúsdóttir, Linda Gunnardóttir, Ragnheiður Sövik og Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir. Kennsluráðgjafi sá um fyrirlögn og úrvinnslu. Aðstoðarskólastjóri sá um árlega sjálfsmatsskýrslugerð. Á skólaárinu var unnið samkvæmt þriggja ára áætlun um innra mat skólans með sjálfsmatsaðferðum skólans, *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* Matsniðurstöður og leiðir til umbóta í þeim þáttum sem lagðir voru fyrir eru birtar í þessari skýrslu. Allt starfsfólk kom að sjálfsmati skólans. Aðkoma nemenda að var lítil þetta skólaár vegna óvenjulegra aðstæðna en ekki náðist að leggja nemendamát fyrir vegna Covid-19..

Um Varmahlíðarskóla

Varmahlíðarskóli er í Varmahlíð í Skagafjarðarsýslu og er rekinn af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Upptökusvæði skólans er í stuttu máli Varmahlíð og dreifbýli í framanverðum Skagafirði en auk þess koma nemendur skólans frá öðrum svæðum. Frá haustinu 2006 hafa allir grunnskólanemendur úr Akrahreppi sótt skóla í Varmahlíð. Allir nemendur utan göngufæris við skólann eru í daglegum heimanakstri. Í lok skólaársins voru nemendur skólans 105. Heildarfjöldi starfsmanna var 35, ýmist í hluta- eða fullu starfi. Í starfsáætlun skólans og ársskýrslu má sjá fjölda nemenda eftir árgöngum svo og upplýsingar um starfsmenn og stöðugildi.

Leiðarljósín í skólastarfi Varmahlíðarskóla eru **virðing**, **metnaður** og **velliðan**. Við höfum þá trú að með því að rækta virðingu, gleði, vináttu, heilbrigði og ábyrgð í skólastarfi leggjum við grunn að því að nemendur öðlist sjálfstraust til að takast á við nám sitt af metnaði og alúð og séu vel undir framtíðina búnir. Við leggjum ríka áherslu á velferð allra nemenda í leik og starfi.

Skólastarf hefst kl. 8:15 á morgnana. Aksturleiðir skólaaksturs eru fimm. Nokkuð er breytilegt milli vikudaga hve lengi er kennt. Í mótuneyti skólans fá allir nemendur og þeir starfsmenn sem þess óska, morgun- og hádegisverð daglega og miðdegisdrykk á fimmtudögum.

Á fimmtudögum eru tækifæri til félagsstarfa aðra hverja viku fyrir eldri nemendur og er nemendum ekið heim að þeim loknum. Einnig gefst eldri nemendum kostur á fjölbreyttu

félagsstarfi á vegum Félagsmiðstöðvarinnar Friðar, utan Varmahlíðar. Diskótek eru haldin á fjögurra til sex vikna fresti fyrir eldri nemendur á vegum skólans. Haldnar eru tvær bekkjarskemmtanir fyrir hvern bekk á hverju skólaári í umsjón umsjónarkennara. Félagsstörf yngri nemenda hafa verið í höndum umsjónarkennara.

Foreldrafélag starfar við skólann og hefur það komið að starfi skólans með ýmsum hætti. Bekkjarfulltrúar foreldra voru skipaðir á aðalfundi í haust.

Tónlistarskóli Skagafjarðar hefur um árabíl haft aðsetur í Varmahlíðarskóla. Nemendur skólans eiga kost á að sækja tónlistarkennslu á skólatíma. Í vetur sóttu rúmlega 50 nemendur Varmahlíðarskóla tónlistarnám sitt á skólatíma. Er það talið auka gæði náms, fjölbreytileika í skólastarfi og telst til forréttinda að nemendur í dreifbýli eigi kost á að sækja tónlistarnám á skólatíma. Mikil og farsæl samvinna er á milli Varmahlíðarskóla og Tónlistarskóla Skagafjarðar.

Skólahúsnæði Varmahlíðarskóla er staðsett við Birkimel og fer þar fram öll starfsemi skólans. Allir bekkir eiga sína heimastofu en þær eru misstórar. Matsalur er tvísetinn þar sem hann rúmar ekki nemendafjöldann. Tölvuver er með 16 nettengdum tölvum. Smíðar, heimilisfræði, málmsmíði textílmenn og myndmenn eiga sínar sérgreinastofur. Það sem upp á vantar er sérstök aðstaða fyrir kennslu í náttúruvísindum. Aðstaða til íþróttar- og sundiðkunar er góð. Sundlaugin er nýtt til sundkennslu allt skólaárið fyrir alla nemendur skólans.

Nemendum í 8., 9. og 10. bekk er boðið upp á valáfanga sem hluta af námi. Nemendum í 10. bekk bauðst valáfangi UTN 103, í samvinnu við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og nýttu 10 af 12 nemendum bekkjarins sér það.

Markmið skólastarfs

Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir að markmið grunnskóla, í samvinnu við heimilin, sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Grunnskólinn á að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Skólinn skal stuðla að góðu samstarfi við heimilin með það að leiðarljósi að tryggja farsælt skólastarf. Starfshættir skólans eiga að mótast af umburðarlyndi, kærleika, kristilegri arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.

Hlutverk grunnskólans er að veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar, auka leikni og stuðla að áframhaldandi menntun og þroska hvers og eins. Skólinn stuðlar að sjálfstæðri hugsun og þjálfar nemendur í samvinnu. Varmahlíðarskóli starfar eftir hugmyndafræðinni **skóli án aðgreiningar**. Skólustefna Varmahlíðarskóla byggir á ofangreindum markmiðum auk skólustefnu Skagafjarðar.

Sex grunnþættir menntunar eru lagðir til grundvallar í nýrri Aðalnámskrá frá árinu 2011. Þeir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir eru leiðarljós í starfi skólans. Nám, kennsla, samskipti og skólabragur mótast af þessum þáttum og þeir fléttast inn í daglegt starf.

Nemendur

Þetta skólaár voru nemendur alls 105 að vori.

Bekkarhópum var skipt í teymi með sameiginlegum umsjónarkennurum þar sem 1.-3. bekkur voru saman í teymi og 4. -6. bekkur eitt teymi.

Skipting í bekki var eins og hér segir:

| | | |
|------------|-------------|--|
| 1. bekkur | 8 nemendur | Umsjón Birgitta Sveinsdóttir, Þyrey Hlífarsdóttir og Sara Gísladóttir |
| 2. bekkur | 13 nemendur | Umsjón Birgitta Sveinsdóttir, Þyrey Hlífarsdóttir og Sara Gísladóttir |
| 3. bekkur | 7 nemendur | Umsjón Birgitta Sveinsdóttir, Þyrey Hlífarsdóttir og Sara Gísladóttir, |
| 4. bekkur | 13 nemendur | Umsjón Hafdís Skúladóttir, Sigrún Benediktsdóttir |
| 5. bekkur | 10 nemendur | Umsjón Hafdís Skúladóttir, Sigrún Benediktsdóttir |
| 6. bekkur | 11 nemendur | Umsjón Hafdís Skúladóttir, Sigrún Benediktsdóttir |
| 7. bekkur | 11 nemendur | Umsjón Kristvina Gísladóttir |
| 8. bekkur | 6 nemendur | Umsjón Kristvina Gísladóttir |
| 9. bekkur | 14 nemendur | Umsjón Ólafur Atli Síndrason |
| 10. bekkur | 12 nemendur | Umsjón Helga Sigurðardóttir |

Starfsmenn

Starfsmenn skólans voru 33 á skólaárinu. Stjórnendur voru þrír til áramóta, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu en tveir eftir áramót þegar deildarstjóri stoðþjónustu fór í leyfi. Kennarar með réttindi voru 17 að meðtöldum stjórnendum og einn leiðbeinandi í hlutastarfi við verkgreinakennslu. Stöðugildi til kennslu voru 12,59. Stuðningsfulltrúar voru þrír í 2,53 stöðugildum, hluta skólaárs var aukið við stöðugildi stuðningsfulltrúa vegna sérverkefnis. Vegna opunar frístundar, heilsdagsskóla, fjölgaði skólaliðum í fimm í 4,4 stöðugildum. Einn þroskajálfi var í 100% starfi, námsráðgjafi í 50% starfi, ritari í 80% starfi og húsvörður í fullu starfi. Matráðar voru fjórir í 3,43 stöðugildum. Starfsmenn íþróttamiðstöðvar Varmahlíðar heyra ekki lengur undir stjórn skólans.

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Varmahlíðarskóli hefur byggt sjálfsmat sitt á skoskri sjálfsmatsaðferð, **How good is our school**. Aðferðin hefur verið endurskoðuð og uppfærð í gegnum árin. Þrisvar sinnum hafa uppfærslurnar verið þýddar yfir á íslensku árin 1999, 2010 og nú síðast vorið 2016. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddi nýjustu (fjórðu) útgáfu Skotanna af sjálfsmatskerfinu með tilstyrk frá Erasmus+, menntaáætlun Evrópusambandsins. Nefnist efnið nú í íslenskri þýðingu: **Hversu góður er grunnskólinn okkar?**

Með sjálfsmatsefninu fylgir einkunnaskali sem notaður er (sjá viðauka 1). Í sjálfsmatskerfinu **Hversu góður er grunnskólinn okkar?** byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í þrjá lykilþætti sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

1. Forysta og stjórnun
2. Námskilyrði
3. Velgengni og árangur

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

1. Hvernig stöndum við okkur?
2. Hvernig vitum við það?
3. Hvað gerum við næst?

Einkunnagjöf er á bilinu 1-6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 eða **mjög gott**, sem merkir að styrkleikar einkenni ákveðið svið skólastarfsins. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem við kemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnaskala í viðauka II.

Framkvæmd matsins:

Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólastarfinu sem leggja á fyrir til mats. Áætlunin tekur til þeirra þriggja lykilþátta sem sjálfsmatskerfið **Hversu góður er grunnskólinn okkar?** byggir á.

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Tvö matseyðublöð fylgja hverjum gæðagreini, annars vegar

dæmi um gæðaviðmið og hins vegar *dæmi um gagnlegar spurningar* sem snúa að gæðagreininum. Ætlast er til þess að skólar meti ýmist gæðagreininn í heild sinni eða velji gæðaviðmið og/eða gagnlegar spurningar úr matseyðublöðunum til mats og umbóta. Jafnframt eru skólar hvattir til að bæta við gæðaviðmiðum sem snúa að sérstöðu skólans og aðlaga með þeim hætti sjálfsmatskerfið að skólastarfi á hverjum stað.

Hver matshópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefa þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir efninu, sjá viðauka II. Matsaðilar koma sér svo saman um eina heildareinkunn sem gefin er í lokin fyrir gæðagreininn sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í gæðagreininum séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti.

Þegar matsvinnunni er lokið er umbótaáætlun unnin á grunni niðurstaðna. Þar eru markmiðssettar umbótatillögur settar fram, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum sjálfsmatskerfisins *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* í fjórum skrefum:

1. **Skilgreining lykilþátta**, undirþátta eða þema eftir því sem við á.
2. **Skilgreining viðmiða**, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða **framúrskarandi**. Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila.
3. **Greining sterkra þátta í skólastarfi, svo og þátta sem þarfnast umbóta**, umsögn og einkunnagjöf.
4. **Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn**, eða að viðhalda henni. Stefnumótun í umbótaáætlun eftir því sem við á.
5. **Eftirfylgni umbóta**.

Sjálfsmat starfsfólks veturinn 2019-2020

Á skólaárinu voru gæðagreinar lagðir fyrir til mats skv. þriggja ára matsáætlun.

Starfsfólk vann á þremur matsfundum þar sem teknir voru fyrir tveir matþættir í hvert sinn.

Niðurstöður matsþátta eru settar fram í tímaröð fundanna.

Í október verður metinn gæðagreinir um upplýsinga- og tæknimál VHS

Í febrúar var lagður fyrir starfsmenn gæðagreinir 2.4 um Einstaklingsmiðun og 2.6 Samfella í skólastarfi. Í apríl var lagður fyrir starfsmenn 2.2 Skólanámskrá og 2.5 Samstarf heimila og skóla. Í júní var lagður fyrir starfsmenn gæðagreinir 2.3 Nám, kennsla og námsmat og gæðagreinir 1.4 um Forysta og starfsmannastjórnun. Í apríl var lagður fyrir gæðagreinir. Starfsmönnum sem mátu gæðagreinana var skipt í hópa í hvert sinn sem unnið var.

Matsþættir úr sjálfsmatsefninu *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*

1.4 Forysta og starfsmannastjórnun

2.2 Skólanámskrá

2.3 Nám, kennsla og námsmat

2.4 Einstaklingsmiðun

2.5 Samstarf heimila og skóla

2.6 Samfella í skólastarfi

Skólagæðagreinar

Mat á gæðagreini um upplýsinga- og tæknimál VHS

| Matsfundur 30. október 2019 | Einkunnagjöf |
|--|---------------------|
| Gæðagreinir um upplýsinga- og tæknimál VHS | 4,5,5,4 |

Mat á gæðagreinini um upplýsinga- og tæknimál

Gæðagreinirinn var metinn af fjórum, fimm manna hópum alls starfsfólks á starfsmannafundi 30. október 2019

Helstu niðurstöður starfsmanna voru að við erum vel tæknivædd og höfum öfluga tækniþekkingu í starfsmannahópnum. Starfsfólk og nemendur skólans eru áhugasamir um að nýta sér tæknina í hverskonar þekkingarleit sem og til stuðnings í náminu almennt.

Efla þarf sjálfstæði nemenda til að nota tæknina á fjölbreyttari hátt. Auka þarf fræðslu og passa að hafa stöðuga umræðu um ábyrga netnotkun. Skipuleggja mætti námið þannig að nemendur hefðu meira val um hvernig þeir skili verkefnum, t.d. skapandi skil.

Starfsfólk er sammála um að allir, bæði nemendur og starfsfólk hafi gott aðgengi að tækjum og geti nýtt sér tæknina. Einnig sé nauðsynlegt að nemendur hafi aðgang að fjölbreyttu hljóðefni í náminu. Fjölbreytileiki sé í kennsluháttum og að nemendur fái að móta sitt eigið nám sjálfir.

| Matsfundur 18. febrúar 2020 | Einkunnagjöf |
|------------------------------------|---------------------|
| 2.4 Einstaklingsmiðun | 4,4,4-5 |
| 2.6 Samfella í skólastarfi | 4,4,4 |

Mat á gæðagreinini 2.4. Einstaklingsmiðun

Gæðagreinirinn var metinn af þremur, fimm manna hópum kennara og stuðningsfulltrúa á starfsmannafundi 18. feb. 2020.

Mat starfsmanna er að við þekkjum nemendur okkar vel og að þeir fái mikinn og góðan stuðning. Starfsmenn eru sammála um að við erum dugleg að einstaklingsmiða og vinna eftir einstaklingsnámskrám. Við þekkjum alla nemendur persónulega og það getur stundum verið ókostur.

Til veikra þátta telst að nemendur mættu vera virkari í ákvarðanatöku um eigin nám. Auka við náms- og starfsráðgjöf fyrir alla nemendur skólans. Þá vilja starfsmenn að allir nemendur hafi aðgang að náms- og starfsráðgjafa á skólatíma, án þess að þurfa tilvísun frá umsjónarkennurum. Að náms- og starfsráðgjafi hafi opinn fundartíma daglega þar sem nemendur geti komið og spjallað.

Starfsmenn segja að við þurfum að gera meira af því að ígrunda þetta á markvissan og skipulagðan hátt og muna eftir bráðgeru börnunum. Fram kom að mati einhverra starfsmanna að náms- og starfsráðgjöf væri meira í formi sálægæslu en náms- og starfsráðgjöf.

Mat á gæðagreiini 2.6 Samfella í skólastarfi

Gæðagreinirinn var metinn af þremur, fimm manna hópum kennara og stuðningfulltrúa á starfsmannafundi 18. febrúar 2020.

Samvinna og samþætting virðist vera góð í yngri árgöngum. Starfsmenn eru sammála um að nemendum með sérþarfir og einstaklingsnámskrár, sé sinnt fremur vel og haldnir eru fundir til upplýsinga um framvindu og horfur í námi.

Samfella í námi nokkuð góð og undirbúningur tíundubekkinga undir næstu skref í námi er góður.

Veikar hliðar að mati starfsmanna eru að markmiðum þyrfti að fylgja betur eftir svo að námsárangur sem flestra verði afbragðsgóður. Starfsmenn telja að auka þurfi tækifæri á að koma saman og vinna að samfellu í námi. Sjálfsmatshópar þessa gæðagreinis eru ekki samhljóma þar sem sumir hópar nefna að ekki megi byggja starfið um of á niðurstöðum samræmdra prófa þar sem þau gefi ekki alltaf rétta mynd af stöðu nemenda. Aðrir hópar segja að við gætum nýtt niðurstöður samræmdra prófa betur.

| Matsfundur 21. apríl 2020 | Einkunnagjöf |
|----------------------------------|---------------------|
| 2.2 Skólanámskrá | 4,4 |
| 2.5 Samstarf heimila og skóla | 5,4,5, |

Mat á gæðagreiðni 2.2. Skólanámskrá

Gæðagreinirinn var metinn af þremur, fimm manna hópum kennara og stuðningsfulltrúa á starfsmannafundi 21. apríl 2020.

Starfsfólk telur að stefna skólans sé góð og komið sé vel til móts við þarfir nemenda. Starfsfólk er metnaðarfullt og hefur miklar væntingar til árangurs nemenda. Skólinn stendur fyrir virðingu, metnaði og vellíðan og stendur sig vel þar. Mikil áhersla er lögð á faglegt starf. Starfsfólk tekur þátt í þróun skólanámskrár miðað við áherslur í aðalnámskrá og stefnu Sveitarfélagsins.

Til veikra þátt nefna starfsmenn að við þurfum að passa upp á að sérstaða skólans gleymist ekki við gerð námskrár. Einkum er haft í huga að hlúa þurfi að þáttum eins og list- og verkgreinum, sveitadögum, landbúnaðarvali og tengslum við hestadeild Hólaskóla. Starfsmenn nefna að gefa þurfi meiri tíma í samvinnu allra starfsmanna ef þeir eigi allir að koma að skólanámskrágerð. Útinám er ekki fastur liður allra árgangaen ætti að það. Matshópar telja að útinám sé of takmarkað eins og það er.

Það sem starfsmenn eru sammála um er að passa upp á sérstöðu skólans og hafa metnað fyrir því starfi sem við vinnum.

Mat á gæðagreiðni 2.5. Samstarf heimila og skóla

Gæðagreinirinn var metinn af þremur, fimm manna hópum kennara og stuðningsfulltrúa á starfsmannafundi 21. apríl 2020.

Starfsmenn telja að meirihluti foreldra sé duglegur að fylgjast með námi barna sinna og mæta á viðburði skólans. Foreldrar eru velkomnir í skólann hvenær sem er og skólinn reynir að gæta þess að fjölskyldur njóti viðeigandi úrræða og reynir eftir fremsta megni að koma til móts við þarfir nemenda og fjölskyldna þeirra. Mikil ánægja hefur verið í samfélaginu um samstarfsverkefnið Sveitadaga.

Veikir þættir sem starfsfólk tekur til eru að starfsmenn eru ekki alltaf með sömu sýn að leiðarljósi við þarfir nemenda. Einnig telja starfsmenn að auka skuli þátttöku foreldra í viðburðum í skólanum eins og jólaföndri, vorhátíð ofl.

Starfsfólk er sammála um að efla skuli samstarf heimila og skóla. Stuðla skuli að góðu og jákvæðu foreldrasamstarfi. Að skólinn reyni að koma sem best til móts við þarfir nemenda með viðeigandi stuðningsúrræðum. Samstarf skólans og heimila byggir á því markmiði að vinna sameiginlega að árangursríkri skólagöngu nemenda.

| Matsfundur 2. júní 2020 | Einkunnagjöf |
|------------------------------------|---------------------|
| 2.3 Nám, kennsla og námsmat | 4,3,4,4 |
| 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun | 5,5, 4-5, 5,5,4 |

Mat á gæðagreini 2.3 Nám, kennsla og námsmat

Gæðagreininirinn var metinn af fjórum, fimm manna hópum kennara og stuðningsfulltrúa á starfsmannafundi 2. júní 2020.

Kennarar eru sammála um að hér sé vísir að leiðsagnarmati, farið sé yfir vinnu nemenda og greint hvað þeir gera vel og hvernig þeir gætu náð betri árangri. Kennarar hafa þróað með sér hæfni til að greina gögn. Námsmatsaðferðir hafa þróast undanfarin ár en við megum gera betur. Nemendur eru metnir á eigin forsendum, greiningar nýttar vel.

Kennarar eru sammála um að til veikra þátta teljist að innleiða þurfi leiðsagnarmat betur í skólastarfið. Þeir telja við þurfum að vera markvissari með að kynna nemendum námsmarkmið, nýta leiðsagnarnám.

Kennarar telja að starfsmenn megi fylgjast betur með menntarannsóknum og nýta upplýsingar úr þeim. Mættum við vera duglegri að afla okkur endurmenntunar, þ.e. lesa niðurstöður menntarannsókna og ræða í faghópnum.

Kennarar segja að gera þurfi nemendur meira ábyrga fyrir námi sínu og setja sér eigin námsmarkmið og að það mætti gera á markvissari hátt. Þá er nefnt að þeir þurfi með markvissari hætti að greina þarfir nemenda og velja námsefni og námsaðferðir sem hæfa

hverjum og einum. Kennarar telja námsmatið sem okkur er gert að vinna eftir ekki nægilega upplýsandi og er ekki samræmt á milli skóla. Matskvarðinn sé of flókinn, hæfniviðmiðin of háfleyg og mismunandi túlkun kennara. Í matinu kom fram að kennarar mættu í upphafi annar kynna markmið fyrir nemendum betur og fara svo yfir markmiðin reglulega yfir veturinn.

Kennarar eru sammála um að námsmatið þurfi að endurspegla getu nemenda og að þeir eigi að vita hvað stendur á baki einkunnum sem þeir fá.

Í athugasemdum um gæðagreininn kemur fram að námsmatið sé ekki nógu skýrt, bókstafakerfið sýni ekki nægilegan mun á árangri nemenda.

Mat á gæðagreinini 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur, fimm manna hópum starfsmanna annarra en kennara á starfsmannafundi 2. júní og fjórum hópum kennara og stuðningsfulltrúa á starfsmannafundi 3. júní 2020.

Starfsfólk metur að hér sé mjög góður skólabragur, flestir leggi sig fram um að vera faglegir í starfi og bera hag skólans fyrir brjósti. Góð samvinna starfsfólks.

Almennt er starfsfólk, nemendur og foreldrar samstíga í námi og starfi skólans.

Sterku hliðarnar eru sýn, gildi og viðhorf gagnvart skóla og skólastarfi.

Það sem helst mætti bæta að mati starfsfólks er að það vantar meiri fjölbreytileika í samverustundum starfsmanna. Einnig að það vanti meiri jafningjafræðslu og nýliðar þurfa meiri stuðning og fræðslu í starfi sínu.

Nefnt er að upplýsingaflæði frá skólastýrum mætti stundum vera betra, að skerpa þurfi á verklagsreglum um hver eigi að upplýsa hvern um málefni sem tengjast skólastarfinu.

Einhverjir taka fram að aðgengi að sálfræðingi og þeim sem sáu um sérkennslumál hefði mátt vera betra í vetur.

Fram kemur að starfslýsingar þurfi að vera skýrari og aðgengilegar.

Hluti starfsmannahópsins tekur fram að hann sé nokkuð sáttur og vilji viðhalda sömu stefnu og er í gangi.

Starfsfólk er sammála um að samskipti, heilsa og öryggi alls starfsfólks séu mikilvægustu þættir í forystu og starfsmannastjórnun. Taka eigi vel á móti nýju starfsfólki og vera með verkferla um það. Starfsmenn telja skólabrag góðan en beita eigi fjölbreyttum aðferðum til að skapa góðan skólabrag. Hlutverk, ábyrgð og réttindi allra starfsmanna eru skýr og virðing fyrir, samstarfsfólki, nemendum og starfi.

Umbótaáætlanir skólaársins 2019-2020 - starfsfólk

| |
|---|
| Gæðagreindir um upplýsinga- og tæknimál |
| Hvað þarf að gera |
| Auka öryggi og kunnáttu í meðferð tækja |
| Fræða og ræða við nemendur um ábyrga netnotkun og þær hættur sem fylgja netinu. |
| Jafningjafræðsla meðal starfsmanna |
| Vera duglegri að nýta það sem er í boði og miðla því okkar á milli. |
| Útfæra verkefnið þannig að nemendur fái meiri fjölbreytileika í verkefnaskilum. |
| 2.4 Einstaklingsmiðun |
| Hvað þarf að gera ? |
| Efla og þjálfa nemendur í að vera virkari þátttakendur í eigin námi. |
| Tryggja að allir nemendur eigi regluleg samskipti og samtal við náms- og starfsráðgjafa. |
| Vinna skólanámskrá |
| Menntaðan náms- og starfsráðgjafa |
| Vantar sérkennara í fullt starf |
| 2.6 Samfella í skólastarfi |
| Hvað þarf að gera ? |
| Skipulögð tækifæri eru fyrir starfsfólk til að koma saman og þróa sameiginlegan skilning á framförum eftir skólastigum. |
| Niðurstöður úr samræmdum prófum eru notaðar til að upplýsa um stöðu nemenda og bæta gæði náms. |
| Auka aðgang að sálfræðipjónustu. |
| Finna tíma fyrir starfsfólk til að vinna í samfellu í námi nemenda |
| Skólanámskrá |
| Hvað þarf að gera ? |
| Leggja áherslu á fjölbreytt námsframboð í list- og verkgreinum. |
| Sveitadagar verði áfram fastur liður í skólastarfinu (skólinn er búinn að fá verðlaun fyrir þessa starfsemi). |
| Halda sameiginlega fundi og kynningar meðal allra hagsmunaaðila. |
| Halda þarf áfram með skólanámskrá - hver og einn faghópur, svo þarf að faglesa yfir heildina. |
| Koma þarf inn sjálfbærni og markvissri útikennslu í skólanámskrá. |
| 2.5 Samstarf heimila og skóla |
| Hvað þarf að gera ? |
| Efla meira sameiginlegan skilning á þörfum nemenda okkar. |
| Megum grípa fyrir inn í varðandi stuðning, sérkennslu og félagslega stöðu nemandans. |
| Fjölga viðburðadögum |
| Við viljum virkja betur foreldrafélag og vekja upp bekkjarráð af værum blundi til samvinnu og þátttöku í t.d jólaföndur, öskudag, vorhátíð eins og var. |
| 2.3 Nám, kennsla og námsmat |
| Hvað þarf að gera ? |
| Að gera jafningjamat markvissara. |
| Innleiðing leiðsagnarmats. |
| Nýta endurmenntun betur í starfi kennara. |
| Gera nemendur meira ábyrga fyrir námi sínu og námsmarkmiðum. |
| Fagfólk kynni sér og deili niðurstöðum menntarannsóknna sem hluta af endurmenntun. |
| Vera markvissari í að greina þarfir nemenda og velja námsaðferðir sem hæfa hverjum og einum. |
| Kenna nemendum að skipuleggja eigið nám og geta lagt mat á eigin vinnu sem og jafningjamat |
| 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun |
| Hvað þarf að gera ? |
| Að taka vel á móti nýliðum og að hjálpa þeim til þess að komast inn í nýjan hóp. |
| Vantar meiri fjölbreytileika í samverustundum starfsmanna. |
| Vantar meiri jafningjafræðslu. |

| |
|---|
| Nýliðar þurfa meiri stuðning og fræðslu í starfi sínu |
| Tryggja að nýtt starfsfólk skólans fái stuðning og leiðsögn í starfi. |
| Setja upp sýnilega aðgerðaráætlun fyrir brunaæfingar og fylgja henni eftir. |
| Betri aðgangur að sálfræðingi. |
| Markviss stuðningur við nýja starfsmenn |
| Upplýsingaflæði til starfsfólks og skýrari hlutverkaskipting starfsfólks. |
| Búa til starfslýsingar og hafa aðgengilegar. |
| Viðhalda m.a. ábyrgð, virðingu og faglegu starfi hjá starfsfólki |

Skólapúlsinn

Á skólaárinu var nemendakönnun lögð fyrir með vefkerfi Skólapúlsins, sjötta árið í röð. Ákveðið var að framvegis verði foreldra- og starfsmannakönnun lagðar fyrir annað hvert ár. Því var foreldrakönnun ekki lögð fyrir á skólaárinu. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Sveitarfélagið Skagafjörður. Kerfið heldur m.a. utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra/forsjáraðila og kennara í skólum við aðra grunnskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins.

Niðurstöður einstakra matspátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikði 2. Viðmiðunarreglan er sú að meðaltalsmunur upp á 0,5 stig á staðalníukvarða telst *ekki mikill munur*, munur upp á 1,0 stig telst *töluverður munur* og munur upp á 1,5 stig telst *mikill munur*. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matspáttar fyrir sig. Í sumum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun.

Viðmið staðlaða kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirlögn foreldrakönnunar árið 2012-2013 og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf foreldra í grunnskólum skólaárið 2012-2013. Viðmið nemendakönnunar voru uppfærð í upphafi skólaárs 2015 og því merkir talan 5 dæmigerðan nemenda skólaársins 2014-2015.

Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur og viðkomandi matspáttur merktur með stjörnu og bláum lit. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 90% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu. Ef mælingin er ekki marktækt frábrugðin niðurstöðu annarra skóla er munurinn ekki birtur. Lágmarkssvarhlutfall í könnunum Skólapúlsins er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf þátttakenda. Niðurstöður skóla með minna en 60% svarhlutfall eru ekki birtar. Á [vef Skólapúlsins](#) má nálgast nánari upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir vefkerfisins.

Skólapúlsinn nemendakönnun

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir alla nemendur í 6. – 10. bekk í Varmahlíðarskóla í október sl. Nemendakönnunin skiptist í þrjá lykilkætti, þeir eru: *virgni nemenda í skólanum, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi*. Í úrtaki voru 53 nemendur sem allir svöruðu könnuninni og svarhlutfall var því 100%. Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingar um stöðu nemenda í skólanum miðað við stöðu nemenda í öðrum skólum á landinu. Einnig er hægt að bera niðurstöður innan skólans saman á milli skólaára. Viðmiðunartalan 5 merkir dæmigerðan nemanda á skólaárinu 2014-2015. Viðmiðunarreglan er sú að 0,5 stig telst lítill munur, 1,0 stig telst töluverður munur og 1,5 stig telst mikill munur. Hér má sjá yfirlit yfir stöðu matsþátta og almenna umfjöllun um hvern efnisflokk.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Breyting frá síðustu könnun | Landsmeðaltali | Mismunur |
|----------------------------------|------------|--------------|-----------------------------|----------------|----------|
| Virgni nemenda í skólanum | | | | | |
| Ánægja af lestri | 5,3 | 51 | 0,1 | 4,8 | 0,5* |
| Þrautseigja í námi | 4,6 | 51 | -0,2 | 4,9 | -0,3 |
| Áhugi á stærðfræði | 5,4 | 51 | 0,5 | 5,1 | 0,3 |
| Ánægja af náttúrufræði | 5,3 | 51 | 0,0 | 4,9 | 0,4* |
| Trú á eigin vinnubrögðum í námi | 4,6 | 51 | 0,1 | 4,9 | -0,3 |
| Trú á eigin námsgetu | 4,4 | 51 | 0,0 | 4,8 | -0,4 |

Í lykilkættinum virgni nemenda í skólanum mælast tveir þættir marktækt yfir landsmeðaltali en þetta eru þættirnir *ánægja af lestri* og *ánægja af náttúrufræði*. *Ánægja af lestri* mælist þriðja árið í röð hærra en landsmeðaltalið og *ánægja af náttúrufræði* annað árið í röð. Einn þáttur til viðbótar mælist hærri en í viðmiðunarskólunum en það er *áhugi á stærðfræði*, en sá þáttur hefur jafnframt farið upp á við innan skólans frá síðustu fyrirlið og hefur ekki mælst hærri frá því að könnunin var lögð fyrir í fyrsta sinn fyrir fimm árum. Þátturinn *þrautseigja í námi* mælist rétt undir landsmeðaltali og hefur jafnframt lækkað örlítið á milli ára innan skólans frá síðustu könnun. Þátturinn *trú á eigin vinnubrögðum í námi* hefur aðeins þokast upp á við frá síðustu mælingum miðað við niðurstöður skólans á milli ára en mælist engu að síður örlítið undir landsmeðaltali nú. *Trú nemenda á eigin námsgetu* í Varmahlíðarskóla stendur í stað á milli mælinga innan skólans frá síðustu könnun en mælist í samanburði við landsmeðaltal örlítið lægri.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Breyting frá síðustu könnun | Landsmeðaltal | Mismunur |
|---|------------|--------------|-----------------------------|---------------|----------|
| Líðan og heilsa | | | | | |
| Sjálfsálit | 4,6 | 50 | -0,3 | 4,6 | 0,0 |
| Stjórn á eigin lífi | 4,6 | 50 | -0,2 | 4,6 | 0,0 |
| Vellíðan | 4,9 | 50 | -0,4 | 4,7 | 0,2 |
| Einelti | 4,4 | 50 | -0,4 | 5,3 | -0,9* |
| Tíðni eineltis (%) | 7,8% | 4/51 | -3,9% | 12,5% | -4,7% |
| Tíðni hreyfingar – 2 í viku eða oftar (%) | 48,0% | 24/50 | -12,8% | 47,6% | 0,4% |
| Hollt mataræði | 4,4 | 51 | -0,4 | 4,7 | -0,3 |

Í flokknum *líðan og heilsa* mælast tveir þættir yfir landsmeðaltali í ár. Annar þátturinn snýr að *vellíðan* nemenda en sá þáttur mælist hærri en landsmeðaltalið en mælist þrátt fyrir það aðeins lægri ef skoðaður er samanburður innan skólans á milli ára. Hinn þátturinn snýr að *tíðni hreyfingar* hjá nemendum en 48,0% nemenda í 6. – 10. bekk í Varmahlíðarskóla segjast hreyfa sig tvisvar í viku eða oftar. Dregið hefur þó verulega úr tíðni hreyfingar hjá nemendum miðað við niðurstöður innan skólans frá síðasta skólaári eða samtlas um 12,8%. Þátturinn *sjálfsálit* mælist nú við landsmeðaltal en séu niðurstöður skólans bornar saman við niðurstöðu síðustu könnunar þá mælist hann örlítið lægri. Sama gildir um matsþáttinn *stjórn á eigin lífi*.

Einelti mælist marktækt undir landsmeðaltali í ár og hefur jafnframt dregið úr tíðninni miðað við niðurstöður innan skólans frá síðasta skólaári. *Tíðni eineltis* mælist 7,8% sem er -4,7% lægra en landsmeðaltalið. Fjórir nemendur í 6. – 10. bekk segjast hafa orðið fyrir einelti skv. Skólapúlsinum þar af þrír einu sinni á sl. 30 dögum. Skilgreining á einelti skv. Skólapúlsinum samræmist hins vegar ekki skilgreiningu á einelti skv. eineltisáætlun Olweusar sem skólinn starfar eftir. Í Skólapúlsinum getur nemandi svarað því til að hann hafi orðið einu sinni fyrir einelti á 30 daga tímabili, og flokkast það sem einelti í könnun Skólapúlsins. Í Olweusaráætluninni er einelti hins vegar ekki skilgreint sem slíkt nema nemandi hafi orðið fyrir því tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar. Samkvæmt Olweusaráætluninni væri skilgreining á niðurstöðu Skólapúlsins því sú að einn nemandi hafi verið lagður í einelti.

Mælingar varðandi hollt mataræði og neysluvenjur nemenda mælast nú lægri en landsmeðaltal þó munurinn sé ekki marktækur. Niðurstöður á milli ára innan skólans gefa til kynna að dregið hafi úr hollu mataræði og hollum neysluvenjum nemenda.

| | Niður- staða | Fjöldi svara | Breyting frá síðustu könnun | Landsmeðaltal | Mismunur |
|-------------------------------|-----------------|-----------------|-----------------------------------|---------------|----------|
| Skóla- og bekkjarandi | | | | | |
| Samsömun við nemendahópinn | 5,4 | 51 | - | 5,0 | 0,4 |
| Samband nemenda við kennara | 5,3 | 51 | 0,2 | 5,0 | 0,3 |
| Agi í tímum | 5,7 | 51 | -0,1 | 4,9 | 0,8* |
| Virk þátttaka nemenda í tímum | 5,1 | 51 | 0,3 | 5,0 | 0,1 |
| Tíðni leiðsagnarmats | 5,0 | 51 | - | 5,0 | 0,0 |

Í flokknum *skóla- og bekkjarandi* mælist einn þáttur marktækt yfir landsmeðaltali þ.e. *agi í tímum* fimmta árið í röð. Nemendur í Varmahlíðarskóla vitna því um að góður agi sé og hafi ríkt í skólanum sl. fimm skólaár. Þrír þættir að auki mælast hærri en í viðmiðunarskólunum en þeir eru *samsömun við nemendahópinn*, *samband nemenda við kennara* og *virkt þátttaka nemenda í tímum*. Nýr matsþáttur, *tíðni leiðsagnarmats*, er nú hluti af könnuninni. Í þeim matsþætti taka nemendur afstöðu til þess hversu oft kennarar veita þeim leiðsögn í náminu og með hvaða hætti. Í þessum þætti eru svör nemenda í Varmahlíðarskóla við landsmeðaltal.

Skólapúlsinn foreldrakönnun

Foreldrakönnun skólapúlsins var lögð fyrir í Varmahlíðarskóla í febrúar 2020. Viðmiðunarahópur foreldrakönnunar Skólapúlsins samanstóð af meðaltali foreldra úr þeim skólum á landsvísu sem tóku þátt í könnuninni. Skólarnir voru ólíkir af gerð og staðsetningu. Svarhlutfall í foreldrakönnuninni í Varmahlíðarskóla var 93,2% eða samtals 69 foreldrar/forsjáraðilar. Foreldrakönnunin mælir 41 þátt í sex flokkum, þeir eru: *nám og kennsla*, *velferð nemenda*, *aðstaða og þjónusta*, *foreldrasamstarf*, *heimastuðningur og opin svör*. Hver efnisflokkur samanstendur svo af mismörgum matsþáttum en í heild eru spurningarnar 70 talsins. Niðurstöður eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í mars svo lengi sem 80% svarhlutfalli hefur verið náð. Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða fyrir neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn í aftasta dálki fyrir aftan nafn þáttarins stjórnumerktur og ýmist með

grænum stöfum + eða **rauðum stöfum -**. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 90% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu.

Niðurstaða hvers þáttar er annað hvort meðaltal mæligilda á bilinu 1 til 9 eða hlutfall svarenda sem velja tiltekna svarmöguleika. Sem viðmiðunarregla er meðaltalsmunur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Nú er settur fram í fyrsta skipti liðurinn **breyting**, sú tala sem birtist þar greinir frá breytingu á mælingum á niðurstöðum foreldrakönnunar innan skólans nú miðað við þegar könnunin var síðast lögð fyrir (árið 2018).

1. Nám og kennsla

| Matsþættir ↑↓ | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|--|------------|-------------------|----------|--------|-----------------------|----------|
| 1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum | 4,8 | 68 | -0,4 | 5,2 | 2.573 | -0,4* |
| 1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans | 88,5% | 54 _{/61} | -1,2% | 92,5% | 2236 _{/2405} | -4,0% |
| 1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra | 83,3% | 55 _{/66} | -7,8% | 85,3% | 2150 _{/2506} | -2,0% |
| 1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra | 69,0% | 40 _{/58} | -8,6% | 72,6% | 1794 _{/2397} | -3,6% |

Í flokknum *nám og kennsla* mælist þátturinn *ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum* marktækt undir landsmeðaltali, munurinn telst þó ekki mikill. Meirihluti foreldra/forsjáaðila eða um 88,5% þeirra segja skólanum vera *ýmist mjög vel* eða *frekar vel* stjórnað. *Ánægja foreldra með stjórnun skólans* mælist hins vegar rétt undir landsmeðaltali og hefur einnig farið örlítið niður á við innan mælinga skólans frá síðustu fyrirlögn foreldrakönnunar. Sama gildir um matsþættina *hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra* og *hæfilegur agi í skólanum*, báðir þættirnir mælast örlítið undir landsmeðaltali og ánægja foreldra/forsjáaðila mælist einnig minni á milli tveggja síðustu mælinga sem nemur u.þ.b. átta prósentustigum.

2. Velferð nemenda

| Matsþættir ↑↓ | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|--|------------|-------------------|----------|--------|-----------------------|----------|
| 2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur | 5,1 | 66 | -0,2 | 5,0 | 2.470 | 0,1 |
| 2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda | 92,4% | 61 _{/66} | -1,3% | 88,7% | 2207 _{/2455} | 3,7% |
| 2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt | 95,6% | 65 _{/68} | -0,1% | 91,5% | 2386 _{/2583} | 4,1% |
| 2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt | 97,0% | 65 _{/67} | 1,3% | 90,6% | 2360 _{/2569} | 6,4% |
| 2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt | 97,1% | 66 _{/68} | 1,4% | 90,3% | 2316 _{/2540} | 6,8% |
| 2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra | 3,0% | 2 _{/67} | -4,3% | 8,9% | 215 _{/2548} | -5,9% |
| 2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum | 66,7% | 4 _{/6} | -22,2% | 59,5% | 216 _{/364} | 7,2% |
| 2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum | 71,4% | 5 _{/7} | 15,9% | 55,2% | 202 _{/357} | 16,2% |
| 2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans | 73,9% | 34 _{/46} | -5,7% | 82,3% | 1301 _{/1548} | -8,4%* |
| 2.10. Meðaltímabil eineltis | 2,9 | 8 | 1,0 | 1,4 | 401 | 1,5* |
| 2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað | - | 8 | - | - | - | - |

Í flokknum *velferð nemenda* mælast sjö þættir hærrí en í viðmiðunarskólunum en marktækur munur mælist þó ekki. Þátturinn *ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur* mælist örlítið hærrí en landsmeðaltal. Sama gildir um þættina *ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda*, *líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt*, *líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt* og *líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt*. Almennt má því segja að niðurstöður varðandi líðan nemenda mælist nokkuð stöðugar á milli skólaára innan skólans og á bilinu 92-95% foreldra/forsjáraðila nú telja að börnum þeirra líði ýmist *mjög vel* eða *frekar vel* í ofangreindum aðstæðum.

Að mati foreldra/forsjáraðila hefur umfang eineltis í skólanum minnkað og hefur farið stíglækkandi á milli ára allt frá því að niðurstöður voru fyrst mældar árið 2015. Nú segja tveir foreldrar að barn þeirra hafi orðið fyrir einelti á yfirstandandi skólaári, til samanburðar í síðustu mælingu (2018) sögðu fimm foreldrar barn þeirra hafa orðið fyrir einelti á því skólaári. Heldur hefur dregið úr *ánægju foreldra með úrvinnslu eineltismála* milli síðustu tveggja mælinga um -22 prósentustig en *ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans*

á eineltismálum hefur aukist um nær 16 prósentustig. *Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans* mælist marktækt lægri en í viðmiðunarskólunum um nemendur -8,4%. *Meðaltímabil eineltis* að mati foreldra/forsjáraðila mælist hærra í Varmahlíðarskóla en í viðmiðunarskólunum. Sex foreldrar/forsjáraðilar segja að barn þeirra hafi orðið fyrir einelti og það staðið yfir í eitt ár eða lengur.

3. Aðstaða og þjónusta

| Matsþættir ↑↓ | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|--|------------|-------|----------|--------|-----------|----------|
| 3.1. <i>Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum</i> | 5,7 | 68 | 0,2 | 5,5 | 2.533 | 0,2 |
| 3.2. <i>Ánægja foreldra með tómsundaþjónustu</i> | 5,5 | 41 | 0,3 | 5,0 | 1.599 | 0,5* |
| 3.3. <i>Hlutfall nemenda í tómsundaþjónustu/frístundaheimili</i> | 69,7% | 46/66 | 19,0% | 63,5% | 1693/2508 | 6,2% |
| 3.4. <i>Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómsundaþjónustu</i> | - | 21 | - | - | - | - |
| 3.5. <i>Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti</i> | 93,9% | 62/66 | 5,4% | 76,3% | 1800/2281 | 17,6%* |
| 3.6. <i>Notkun á mötuneyti</i> | 100,0% | 68 | 0,0% | 91,3% | 2369/2572 | 8,7%* |

Í flokknum *aðstaða og þjónusta* kemur fram að *ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum* mælist örlítið hærra en hjá viðmiðunarskólunum. *Ánægja foreldra með tómsundaþjónustu* mælist marktækt hærra en í viðmiðunarskólunum en munurinn telst ekki vera mikill. *Hlutfall þeirra nemenda sem nýta tómsundaþjónustu* er einnig hærra í Varmahlíðarskóla en hjá viðmiðunarskólunum og hefur aukist um 19% frá síðustu mælingu. Hér má leiða að því líkum að ný frístund í Varmahlíðarskóla fyrir nemendur í yngstu bekkjum grunnskólans skýri breytingu á milli mælinga. Fram kemur í svörum foreldra/forsjáraðila að þeir eru marktækt ánægðari með *máltíðir í mötuneytinu*, jafnframt nýta marktækt fleiri nemendur þjónustu þess heldur en í viðmiðunarskólunum.

4. Foreldrasamstarf

| Matsþættir ↑↓ | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|--|------------|-------------------|----------|--------|-----------------------|----------|
| 4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi | 5,2 | 65 | 0,2 | 5,0 | 2.478 | 0,2 |
| 4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur | 54,7% | 29 _{/53} | -1,7% | 62,0% | 1418 _{/2189} | -7,3% |
| 4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina | 57,1% | 28 _{/49} | -4,5% | 69,6% | 1350 _{/1895} | -12,5%* |
| 4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á | - | 45 | - | - | - | - |
| 4.5. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á | - | 33 | - | - | - | - |
| 4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal | 92,5% | 62 _{/67} | -3,1% | 95,0% | 2361 _{/2488} | -2,5% |
| 4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali | - | 67 | - | - | - | - |
| 4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum | 49,2% | 29 _{/59} | 8,2% | 59,7% | 1318 _{/2219} | -10,5% |
| 4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra | 75,0% | 39 _{/52} | -4,0% | 88,4% | 1806 _{/2056} | -13,4%* |
| 4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans | 77,0% | 47 _{/61} | -3,8% | 81,7% | 1998 _{/2448} | -4,7% |
| 4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá | 76,1% | 51 _{/67} | 6,1% | 75,6% | 1957 _{/2522} | 0,5% |

Í flokknum *foreldrasamstarf* mælist *frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi* að mati foreldra/forsjáraðila nú rétt ofan við landsmeðaltal. Færri foreldrar telja að þeir hafi *áhrif á ákvarðanir sem teknar eru í skólanum varðandi nemendur* miðað við foreldra barna í viðmiðunarskólunum. Í matsþættinum *leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina* mælist marktækt neikvæður munur upp á -12,5%. *Ánægja foreldra með síðasta foreldraviðtal* mælist örlítið undir landsmeðaltali. Um 10% færri foreldrar segjast *taka þátt í gerð námsáætlunar með barni sínu* miðað við svör foreldra í viðmiðunarskólunum. Niðurstöður gefa til kynna að um 75% foreldra/forsjáraðila í Varmahlíðarskóla telji það *mjög eða frekar mikilvægt að gera námsáætlun með barni sínu*, í þessum matsþætti mælist munurinn marktækur miðað við landsmeðaltal, neikvætt um -13,4%. *Ánægja foreldra með heimasíðu skólans* mælist rétt undir landsmeðaltali. Foreldrar skólans virðast nú betur *upplýstir um stefnu skólans og námskrá* miðað við árin á undan en sá þáttur mælist nú einnig örlítið yfir landsmeðaltali.

5. Heimastuðningur

| Matsþættir ↑↓ | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|--|------------|-------------------|----------|--------|-----------------------|----------|
| 5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna | 4,3 | 68 | -0,2 | 5,0 | 2.523 | -0,7* |
| 5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu | 4,1 | 66 | -0,0 | 4,6 | 2.506 | -0,5* |
| 5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra | 73,8% | 48 _{/65} | -11,4% | 76,9% | 1693 _{/2205} | -3,1% |
| 5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám | 51,6% | 33 _{/64} | 6,8% | 60,2% | 1434 _{/2388} | -8,6% |
| 5.5. Væntingar foreldra um háskólanám | 55,3% | 26 _{/47} | -4,0% | 72,5% | 1357 _{/1848} | -17,2%* |
| 5.6. Væntingar foreldra um iðnnám | 27,7% | 13 _{/47} | 9,0% | 15,1% | 267 _{/1848} | 12,6%* |

Foreldrar/forsjáraðilar í Varmahlíðarskóla telja sig marktækt vera minna *virkir í námi barna sinna* fimmta árið í röð. *Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu*, að mati foreldra, mælist marktækt lægri en í viðmiðunarskólunum. Örlítið færri foreldrar/forsjáraðilar meta *heimavinnu hæfilega* miðað við landsmeðaltalið eða sem nemur þremur prósentustigum. Hins vegar mældist þessi þáttur um 11 prósentustigum hærri nú miðað við mælingar innan skólans í síðustu könnun (2018). Foreldrar/forsjáraðilar verja styttri tíma í að *aðstoða börn sín við heimanám* skv. könnuninni, miðað við mælingar innan skólans hefur þessi þáttur þó farið örlítið upp á við á milli mælinga. Um 11% foreldra segjast engum tíma verja að jafnaði á degi hverjum í að aðstoða barnið við heimanám (þ.m.t. heimalestur), 37,5% foreldra segjast verja minna en 15 mínútum að dag að jafnaði í aðstoð við heimanám og u.þ.b. 52% foreldra segjast verja frá 16 til 60 mínútum að jafnaði á dag til að aðstoða börn sín við heimanám.

Marktækt færri foreldrar/forsjáraðilar hafa *væntingar um að barn þeirra ljúki háskólanámi* eða sem svarar um -17% miðað við viðmiðunarskólana. Hins vegar hafa foreldrar/forsjáraðilar barna í Varmahlíðarskóla meiri *væntingar um að börn þeirra ljúki iðnnámi* eða sem svarar um 12,6% og mælist munurinn þar marktækur miðað við viðmiðunarskólana.

Árleg skimun starfsfólks – niðurstöður

Árleg skimun var lögð fyrir starfsfólks skólans í lok skólaársins. Skimunin er nýlega uppfærð og byggir á gæðaviðmiðum um skólastarf úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg., ásamt gæðaviðmiðum sem starfsfólk hefur búið til.

| Árleg skimun starfsfólks í Varmahlíðarskóla, maí 2020 | 1 Ófullnægjandi | 2 Slakt | 3 Fullnægjandi | 4 Gott | 5 Mjög gott | 6 Framúrskarandi | Svörun | Meðaleinkunn | % með eink. 4-6 2020 | % með eink. 4-6 2019 |
|---|-----------------|---------|----------------|--------|-------------|------------------|--------|--------------|----------------------|----------------------|
| 2. Er umbótamiðað sjálfsmat óaðskiljanlegur hluti af skólastarfinu? | 0 | 0 | 1 | 11 | 12 | 1 | 25 | 4,52 | 96% | 100% |
| 3. Á hvaða hátt hefur sjálfsmatið haft áhrif á velgengi og árangur nemenda? | 0 | 0 | 0 | 15 | 7 | 0 | 22 | 4,32 | 100% | 87% |
| 4. Hvernig metur þú ábyrgð starfsfólks í skólastarfinu? | 0 | 0 | 0 | 8 | 20 | 1 | 29 | 4,76 | 100% | 97% |
| 5. Hversu ábyrgir eru nemendur gagnvart námi sínu? | 0 | 3 | 3 | 18 | 2 | 0 | 26 | 3,73 | 77% | 73% |
| 6. Er skólaþróun að skila tilætluðum áhrifum á árangur nemenda? | 0 | 0 | 4 | 13 | 7 | 0 | 24 | 4,13 | 83% | 96% |
| 7. Hvernig metur þú forystu og starfsmannastjórnun í skólanum, m.t.t. velferðar starfsfólks? | 0 | 0 | 6 | 9 | 12 | 2 | 29 | 4,34 | 79% | 87% |
| 8. Hvernig metur þú forystu og starfsmannastjórnun í skólanum, m.t.t. faglegar leiðsagnar? | 0 | 1 | 3 | 12 | 11 | 2 | 29 | 4,34 | 86% | 86% |
| 9. Hvernig metur þú forystu og starfsmannastjórnun í skólanum, m.t.t. stýðjandi starfsumhverfis? | 0 | 0 | 3 | 10 | 13 | 1 | 27 | 4,44 | 89% | 82% |
| 10. Hvernig metur þú gagnsæi og sanngirni við nýtingu og úthlutun fjármagns sem skólinn hefur yfir að ráða til að bæta gæði náms og kennslu? | 1 | 0 | 5 | 9 | 5 | 0 | 20 | 3,85 | 70% | 90% |
| 11. Hversu árangursríkar eru aðferðir okkar sem hafa velferð nemenda að leiðarljósi þ.m.t. nemendavernd og öryggismál? | 0 | 0 | 0 | 11 | 16 | 0 | 27 | 4,59 | 100% | 96% |
| 12. Hvernig ábyrgjumst við að stefna skólans skv. skólanámskrá sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til nútíma skólastarfs? | 0 | 0 | 1 | 9 | 12 | 0 | 22 | 4,50 | 95% | 91% |
| 13. Hvernig metur þú gæði náms og kennslu í skólanum? | 0 | 0 | 1 | 6 | 16 | 0 | 23 | 4,65 | 96% | 92% |
| 14. Hvernig metur þú gæði námsmats í skólanum? | 0 | 3 | 2 | 14 | 2 | 0 | 21 | 3,71 | 76% | 93% |
| 15. Hvernig nýtum við niðurstöður námsmats í þágu nemenda (samkvæmt aðalnámskrá)? | 0 | 1 | 2 | 12 | 3 | 0 | 18 | 3,94 | 83% | 95% |
| 16. Hvernig metur þú hvort og hvernig nám, kennsla og matsaðferðir mæta fjölbreyttum þörfum nemenda? | 0 | 1 | 3 | 11 | 10 | 0 | 25 | 4,20 | 84% | 83% |
| 17. Hvernig metur þú gæði einstaklingsmiðunar og þau stuðningsúrræði sem skólinn býður nemendum? | 0 | 0 | 1 | 6 | 16 | 0 | 23 | 4,65 | 96% | 89% |
| 18. Hvernig metur þú þátttöku fjölskyldna í skólastarfinu? | 0 | 5 | 1 | 16 | 3 | 0 | 25 | 3,68 | 76% | 89% |
| 19. Hvernig metur þú hversu árangursrík samfella er í námi nemenda alla skólagönguna? | 0 | 1 | 1 | 15 | 4 | 0 | 21 | 4,05 | 90% | 81% |
| 20. Hvernig metur þú samstarf skólans við foreldra/forsjáaraðila? | 0 | 0 | 2 | 12 | 12 | 0 | 26 | 4,38 | 92% | 100% |
| 21. Á hvaða hátt metur þú samstarf alls starfsfólks innan skólans? | 0 | 0 | 2 | 12 | 15 | 0 | 29 | 4,45 | 93% | 97% |
| 22. Á hvaða hátt metur þú samstarf skólans við samstarfsaðila utan skólans (s.s. fræðsluþjónustu, samstarfskóla, samstarfsstofnanir o.s.frv.)? | 0 | 0 | 4 | 8 | 12 | 0 | 24 | 4,33 | 83% | 96% |
| 23. Hvernig finnst þér skólinn ná að skapa námsumhverfi sem samræmist hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar/menntun fyrir alla? | 0 | 1 | 0 | 13 | 10 | 0 | 24 | 4,33 | 96% | 96% |
| 24. Hvernig fylgjum við eftir námsgengi nemenda og árangri? | 0 | 0 | 3 | 10 | 10 | 0 | 23 | 4,30 | 87% | 95% |
| 25. Hafa nemendur tækifæri til að beita sköpunarhæfni sinni í fjölbreyttum verkefnum? | 0 | 0 | 2 | 11 | 12 | 0 | 25 | 4,40 | 92% | 92% |
| 26. Hvernig leggjum við áherslu á eflingu lestrar með skýrum markmiðum um kennslu, leiðir og árangur skv. Lestrarstefnu Skagafjarðar? | 0 | 0 | 0 | 10 | 12 | 0 | 22 | 4,55 | 100% | 100% |
| 27. Hvaða mat leggur þú á hvernig jafnrétti og sanngirni er haft að leiðarljósi í skólastarfinu? | 0 | 0 | 2 | 13 | 12 | 1 | 28 | 4,43 | 93% | 96% |
| 28. Hvaða mat leggur þú á vinnu að forvörnum gegn einelti og úrvinnslu mála skv. aðgerðaaætlun skólans gegn einelti (Olweus)? | 0 | 0 | 1 | 13 | 12 | 0 | 26 | 4,42 | 96% | 88% |
| 29. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd skólaslita? | 0 | 1 | 2 | 11 | 14 | 0 | 28 | 4,36 | 89% | 97% |
| 30. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd hreyfídaga? | 0 | 0 | 0 | 9 | 19 | 0 | 28 | 4,68 | 100% | 97% |
| 31. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd árs hátíða yngri nemenda? | 0 | 0 | 1 | 9 | 17 | 0 | 27 | 4,59 | 96% | 82% |
| 32. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd árs hátíða eldri nemenda? | 0 | 0 | 0 | 9 | 18 | 0 | 27 | 4,67 | 100% | 93% |
| 33. Hvert er mat þitt á eigin fagmennsku í starfi? | 0 | 0 | 1 | 10 | 16 | 0 | 27 | 4,56 | 96% | 90% |
| 34. Hvernig metur þú samstarf kennara (m.t.t. samvinnu, gagnkvæms stuðnings, sameiginlegar sýnar, miðlunar nýrrar þekkingar o.s.frv.)? | 0 | 0 | 3 | 14 | 7 | 0 | 24 | 4,17 | 88% | 91% |
| 35. Hvaða mat leggur þú á aðbúnað og aðstöðu mótuneytis í Varmahlíðarskóla þ.m.t. eldhúsaðstöðu, matsals nemenda og hreinlætis- og umhverfissjónarmiða? | 0 | 1 | 0 | 4 | 18 | 6 | 29 | 4,97 | 97% | 100% |
| 36. Hvaða mat leggur þú á hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframboði í mótuneyti skólans? | 0 | 0 | 0 | 7 | 20 | 2 | 29 | 4,83 | 100% | 100% |
| 37. Hvaða mat leggur þú á hvernig umhverfissjónarmið eru í heiðri höfð í skólastarfinu (s.s. flokkun sorps, innkaup, fræðsla til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd)? | 0 | 0 | 2 | 14 | 13 | 0 | 29 | 4,38 | 93% | 97% |
| 38. Hvaða mat leggur þú á framkvæmd og gagnsemi þróunarverkefna skólaársins? (t.d. Sprotaverkefni í stærðfræði, forritun, upplýsingatækni - ípad) | 0 | 0 | 0 | 11 | 9 | 0 | 20 | 4,45 | 100% | 91% |
| 39. Hvernig líður þér á vinnustað? | 0 | 1 | 0 | 7 | 19 | 2 | 29 | 4,72 | 97% | 100% |

Áætlun um sjálfsmat 2020-2023

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* sem ráðgert er að leggja fyrir til mats og umbóta á næstu þremur árum. Lykilþættirnir þrír úr skoska sjálfsmatsefninu eru merktir með bláum, grænum og appelsínugulum lit. Gæðagreinar sem búnir hafa verið til sérstaklega eru merktir með gulum lit. Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær ýmsar kannanir eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar.

| Skólaár | 2020-2021 | 2021-2022 | 2022-2023 |
|-----------------|--|---|--|
| Haustönn | | | |
| | 2.3 Nám kennsla og námsmat | 2.3 Nám, kennsla og námsmat | 2.3 Nám, kennsla og námsmat |
| | gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni | 3.1 Velferð jafnrétti og skóli án aðgreiningar/ Jafnréttisgæðagreinar | 2.4 Einstaklingsmiðun |
| | 1.2 Forysta í skólastarfi | 3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur | 2.5 Samstarf heimila og skóla (breytt heiti) |
| | 2.1 Nemendavernd | 3.3 Sköpun og starfshæfni | 2.6 Samfella í skólastarfi |
| | Mat foreldra/forsjáraðila á skólastarfi í nóv. | Mat foreldra/forsjáraðila á skólastarfi í nóv. | Mat foreldra/forsjáraðila á skólastarfi í nóv. |
| Vorönn | | | |
| | 1.3 Breytingastjórnun | 2.7 Samstarf | 2.2 Skólanámskrá |
| | 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat | Olweusargæðagreinar | 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun |
| | | Mötuneytisgæðagreinar | Upplýsinga- og tæknimál - gæðagreinar |

Viðauki 1: Einkunnaskali

| | | |
|---|-----------------------|--|
| 6 | Framúrskarandi | Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði |
| 5 | Mjög gott | Afar sterkur þáttur |
| 4 | Gott | Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri |
| 3 | Nægilegt | Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök |
| 2 | Slakt | Mikilvæg atriði slök |
| 1 | Ófullnægjandi | Afar slakur þáttur |

Skólastarf er hægt að meta út frá margvíslegum forsendum. Við þurfum að hafa í huga að þegar við gefum okkur einkunn með gæðastöðlum erum við að nota fagþekkingu okkar fremur en tæknilega úrvinnslu. Þrátt fyrir það ættu eftirfarandi almennar leiðbeiningar ávallt að vera notaðar.

Matið **framúrskarandi** er notað að uppfylltum skilyrðum fyrir framúrskarandi árangri á tilteknu sviði þar sem skólinn er leiðandi á sínu sviði á landsvísu. Námsreynsla nemenda og árangur þeirra eru framúrskarandi. Matið **framúrskarandi** er gefið fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag og er þess verðugt að útbreiða/kynna til aðila utan skólans. Það felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður við haldið.

Matið **mjög gott** á við um þegar skólastarf einkennist af styrkleika. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að matið **mjög gott** merki mikil gæði í kennslu og starfi ættu allir að geta náð því. Það felur í sér að skólastarf geti haldið áfram án meiriháttar breytinga. Þrátt fyrir það eru þær væntingar gerðar til skólans að hann nýti hvert tækifæri til umbóta og kappkosti að verða framúrskarandi.

Matið **gott** á við um starf sem einkennist af styrkleika mikilvægra atriða sem saman vega greinilega meira en atriði sem þarf að bæta. Matið **gott** gefur vísbendingar um að þeir styrkleikar sem dregnir eru fram hafi greinilega jákvæð áhrif. Þrátt fyrir það eru gæði námsreynslu nemenda skert á einhvern hátt á atriðum þar sem umbóta er þörf. Það bendir til að skólinn ætti að leitast við að skjóta styrkari stöðum undir styrkleika samhliða því að grípa til aðgerða gagnvart þeim sviðum sem þarfnast umbóta.

Matið **nægilegt** á við um að sterk atriði rétt ná að vega meira en slök. Matið **nægilegt** gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Það greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að veikleikar séu ekki það mikilvægir að þeir hafi stöðug neikvæð áhrif þrengja þeir þó að gæðum námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Matið bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja á styrkleika sínum.

Matið **slakt** gefur til kynna að sum atriði séu sterk, en mikilvæg atriði slök. Almenn má búast við því að matið **slakt** komi fram í fjölda aðstæðna. Þrátt fyrir að sjá megi einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu annað hvort á stöku stað, eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Matið bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.

Matið *ófullnægjandi* gefur til kynna að mikilvæg atriði skólastarfs séu slök og þarfnist tafarlausra úrbóta. Námsreynsla nemenda er í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf starfsfólk, sem ber ábyrgð á starfi sem leiðir til matsins *ófullnægjandi*, á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Þetta getur falið í sér að vinna með öðru starfsfólki eða samstarfsstofnunum utan skólans sé nauðsynleg.